

26. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 02. 06. 2009.

Mættir: Pálína Jónsdóttir, Ingvar Þóroddsson, Guðmundur Geirsson og Brynja Sigurðardóttir.

Fundarefni.

Hverfisnefndir á fundi með stjórnsýslunefnd þann 27. maí sl.

Ingvar og Brynja skýrðu frá atriðum af fundinum sem þar komu fram.

Umræðuefni á þessum fundi í tengslum við fundinn með stjórnsýslunefnd urðu:

Undirgöng og göngustígar, viðtaltímar bæjarfulltrúa væru kjörin vettvangur fyrir nefndarmenn til að koma ákveðnum málum á framfæri og hunda/kattarhald í hverfinu væri ekki til vandræða eftir bestu vitund nefndarmanna.

Þá var einnig rætt um að koma á framfæri einhvers konar dreifibréfi með uppl. um hlutverk hverfisnefnarinnar og upplýsingum um þá sem í nefndinni eru, tillaga kom fram um að gera þetta í kringum hausthátíðina okkar þann 12. sept. '09.

Einnig var rætt hvernig nefndarmenn gætu komið að aukningu á póstlistum hverfisnefndarinnar og voru ýmsar leiðir ræddar en verða nánar útfærðar á næsta fundi í ágúst.

Hverfisgæsla/nágrannavarsla í hverfum á Akureyri?

Ingvar kynnti þá hugmynd um að nágrannavarsla yrði komið á í hverfum bæjarins. Sagði hann frá góðri reynslu af þeim í Svíþjóð og var ákveðið að koma þessari hugmynd í fundargerð sem hægt væri að vinna með nánar seinna með t.d. Akureyrarbæ og tryggingarfélagum hér í bæ.

Nesjahverfið.

Nefndarmenn fóru með fyrirspurn á fund stjórnsýslunefndarinnar um hvort Nesjahverfið tilheyrði Holta- og Hlíðarhverfi en umræðan fór á annan veg þannig að ekki fengust svör við þeirri fyrirspurn.

Þá fór fram umræða um lokun fyrirtækja í þessu hverfi, hvort einhver fyrirtæki ættu eftir að koma nær Hörgárbrautinni eða hvaða skipulag væri hugsað þar?

Undirgöng undir Hörgárbraut.

Nefndarmenn höfðu farið að skoða aðstæður og hvernig framkvæmdir ganga.

Vorið í hverfinu.

Fannst nefndarmönnum sem garðar og opin svæði í hverfinu væri sérstaklega hreint og snyrtilegt nú á vordögum. Fólkið okkar í hverfinu hefði greinilega tekið vel til hendinni í þeim málum í vor.

Fundartími

Næsti fundur var ákveðinn 18. ágúst klukkan 19:00 í Glerárskóla.

Fleira var ekki rætt.

Ritað 2. júní 2009

Brynja Sig.